

- 114 30. des. b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar.

- c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknarað ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskraðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

115

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frýstingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.